

Fósturvísitalningar benda til vænlegs sauðburðar í vor

Aldrei séð jafn mikinn feril eftir tófur og í haust

Bærinn okkar heitir Giljur



Bændablaðið

6. tölublað 2011 ● Fimmtudagur 24. mars ● Blað nr. 345 ● Upplag 30.000



Reynir Barðdal, bústjóri Loðfelds ehf. á Sauðárkróki, segir að loðdyrarækt eigi gríðarlega mikla framtíð fyrir sér á Íslandi og geti orðið stóriðja ef rétt sé haldið á málunum. Sjá bls. 16-17. Mynd | HKr.

Alþjóðasamtök mjólkuriðnaðarins fagna niðurstöðu nýrrar skýrslu FAO og WHO:


Heildarneysla á fitu tengist ekki kransæðasiúkdómum

Finnskir bændur aðeins með 25% af launum iðnverkafólks

Laun bændu í Finnlandi voru áður 40% að launum iðnverkafólks en eru nú 25% af launum iðnverkafólks. Kemur þetta fram í ritinu Finnish Agriculture and Rural Industries 2010 sem kemur út árlega.

Í umræðu um ESB umsókn og áhrif aðildar á landbúnað er oft vitnað til þróunar landbúnaðar í Finnlandi. er fjallað um þróun nettó tekna og gjalda í landbúnaði og gerð grein fyrir breytingum á heildar afkomu landbúnaðar.

Árið 1992 voru heildartekjur í landbúnaði í Finnlandi 4.270 milljónir Evra og heildarkostnaður 2.864 milljónir evra. Nettó tekjur voru því 1.406 milljónir evra sem



samsvarar 1.769 milljónum Evra á verðlagi ársins 2009. Árið 2009 voru heildartekjur hins vegar 4.302 milljónir Evra en útgjöld 3.457 milljónir Evra. Nettó tekjur voru því 845 milljónir evra. Tekjulækkun á þessu tímabili fyrir landbúnaðinn í heild er því 52%. /EB

Sjá nánar á bls. 30

Metsala á íslenskum æðardúni 2010

Útflutningsmet var slegið á íslenskum æðardúni árið 2010. Útflutningsverðmæti dúnsins voru tæpar 360 milljónir króna og útflutt magn var 3,3 tonn. Það er því ljóst að um er að ræða rúma tvöföldun frá árinu 2009 bæði í seldu heildarmagni og heildarverðmæti æðardúns. Þá er sala innanlands undanskilin, en engar opinberar heildartölur eru til um sölu á innanlandsmarkaði.

Árið 2000 voru seld úr landi tæplega 4 tonn af æðardúni sem er söluhæsta árið í magni, en heildarverðmæti það árið voru þó ekki nema 188 milljónir svo greinilegt er að árið í fyrra er með mun betri afkomu. Verð á íslenskum æðardúni hækkaði

jafnt og þétt á árinu 2010 og spáð er áframhaldandi hækkun á verði. Markaðsverð getur rokkað töluvert mikið milli vikna og mánaða og því er erfitt að tala um meðalverð, enda um frjálts markaðsviðskipti að ræða.

Þó horfur séu góðar og eftirspurn verið góð það sem af er ári er þó talið vissara að vera með hælana á jörðinni. Náttúruhamfarirnar í Japan þessa dagana skapa nokkra óvissu í sölumálum í augnablikinu því Japan er stór og mikilvægur markaður fyrir íslenskan æðardún.

Mikil eftirspurn hefur verið að undanförmu á sængum og dúnvörum á innanlandsmarkaði skv. bændum og söluaðilum.